

Föstudaginn 22. desember 1961.

Nr. 175/1960. **Sigurður Þorgeirsson**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

**Júlíusi Björnssyni**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Línal.

Skuldamál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1960 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi, sem skaut málskostnaðarakvæði héraðsdóms til Hæstaréttar með kæru 30. september 1960, krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakarefni, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með úrskurði Hæstaréttar 1. desember 1961 var aðiljum samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 veitt færi á að afla skýrslna um tiltekin atriði, og hafa nokkur ný málsgögn verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um andvirði rafmagnstækja, er áfrýjandi hafi keypt í verzlun stefnda gegn gjaldfresti og greind eru í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur staðfastlega neitað því, að hann sjálfur eða nokkur fyrir hans hönd hafi tekið greind tæki út í verzlun stefnda. Hann hafi hins vegar samkvæmt beiðni Karls Jóhanns, sonar stefnda, tekið tæki þessi sem greiðslu fyrir vinnu sína og umsjón með smíð húss Karls Jóhanns að Lynghaga 11 í Reykjavík. Kveðst áfrýjandi þannig hafa tekið við tækjunum úr hendi Karls Jóhanns, og hafi þau fyrir hans atbeina verið afhent á heimili áfrýjanda. Sama

máli gegni um smávegis efni og rafvirkjavinnu, sem stefnukraftan tekur til.

Samkvæmt skýrslu stefnda og starfsmanna hans tíðkuðust lánsviðskipti ekki í verzlun stefnda á þeim tíma, er hér um ræðir, nema samþykki stefnda, Júlíusar Björnssonar, eða nafngreinds starfsmanns verzlunarinnar kæmi til, en hvorugur þessara aðilja minnst þess að hafa samþykkt afhendingu umræddra vara til áfrýjanda. Þá hefur það einnig komið fram, að í verzlun stefnda var viðskiptamaður að jafnaði látinn kvitta fyrir vöru, sem hann fékk þar með gjaldfesti, en í ljós er leitt, að hvorki áfrýjandi né nokkur annar hefur gefið slíka kvittun eða viðurkenningu, að því er varðar umrædd tæki, sem afgreidd voru á ýmsum tímum.

Karl Jóhann Júlíusson er stórkaupamaður, og verzlari hann með rafmagnstæki. Hefur hann og stefndi sameiginlegt verzlunarhúsnæði í húsi stefnda. Júlíus Björnsson hefur fyrir dómi lýst því, að Karl Jóhann hafi eigi verið starfsmaður rafmagnstækjaverzlunar sinnar síðan nokkru fyrir 1950. Þó hafi hann á stundum gripið þar í vinnu, ef nauðsyn bar til, en eigi hafi hann haft neina heimild til að selja vöru gegn gjaldfresti. Er Karl Jóhann kom fyrir héraðsdóm, neitaði hann því í fyrstu, að hann hefði „selt, afhent eða á annan hátt verið milligöngumaður um raftæki til“ áfrýjanda, en síðar kvaðst hann „ekki vilja synja fyrir það, að „hann kunni að hafa átt þátt í afhendingu til stefnda á einhverjum þeirra hluta, er málið er risið af“, enda játaði hann nú að hafa sjálfur ritað tvær afgreiðslunótur um hluta rafmagnstækjanna.

Umrædd tæki voru afgreidd úr verzlun stefnda á árunum 1954 og 1955, en sannað er, að á þeim árum vann áfrýjandi að smíð íbúðarhúss Karls Jóhanns, er áður greinir. Eigi er sannað, að áfrýjandi hafi verið krafinn um andvirði tækjanna fyrr en á árinu 1957, og þrátt fyrir brýnt tilefni í úrskurði Hæstaréttar hefur stefndi enga grein gert fyrir því, að áfrýjandi hafi í verzlunarbókum stefnda verið skuldaður fyrir fjárhæð þeirri, sem krafizt er í máli þessu.

Eigi skiptir hér máli hvernig sakir kunna að standa í skiptum þeirra áfrýjanda og Karls Jóhanns.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja sönnur eigi að því leiddar, að stofnast hafi krafa á hendur áfrýjanda vegna úttektar hans sjálfs eða annarra í umboði hans á vörum þeim, sem um er að tefla, né vinnu þeirrar, er áður greinir. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir þessum úslitum og atvikum málsins er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 5000.00.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Þorgeirsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Júlíusar Björnssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

**Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.**

Stefndi, Júlíus Björnsson, rekur raktækjaverzlun í húsinu nr. 12 við Austurstræti í Reykjavík og selur vörur sínar einungis í smásölu. Sonur stefnda, Karl Jóhann Júlíusson, rekur í nefndu verzlunarhúsnæði stefnda umboðs- og heildverzlunina Elangro Trading. Verzlar Karl Jóhann Júlíusson aðallega með rafvörur alls konar í stórsölu, en eigi í smásölu, enda hefur hann eigi smásöluleyfi. Feðgarnir nota sömu skrifstofu, hvor fyrir sitt fyrirtæki. Þeir eru sammála um, að Karl Jóhann Júlíusson gripi til vinnu við verzlun stefnda, er nauðsyn ber til. Vitni, sem var afgreiðslustúlka við verzlun stefnda 1954, kveður Karl Jóhann Júlíusson hafa unnið talsvert við verzlunina á þeim tíma „og virtist“ hann „vera þar verzlunarstjóri, a. m. k. réð hann mættu til starfs, og leit hún á hann sem verzlunarstjóra“.

Á árunum 1954 og 1955 voru ýmis raftæki send frá verzl-

un stefnda heim til áfrýjanda, Bollagötu 16, Reykjavík. Einnig var sendur frá verzluninni rafvirki til að tengja þvottavél, sem var ein af raftækjunum, kæliskáp o. fl. Jafnframt ritaði afgreiðslumaður hvers tækis og fylgihluta afgreiðsluseðil (nótu) á hendur áfrýjanda með tilgreindu verði tækisins. Hafa þeir, hver fyrir sig, staðfest ritun sína á þessum skjölum, en eigi kveðast þeir muna, hver skipaði fyrir um afgreiðslu raftækjanna til áfrýjanda, en í þessu sambandi er þess að geta, að Karl Jóhann Júlíusson afgreiddi af tækjunum þrjá raflampa og ryksugu. Eigi virðist áfrýjandi hafa kvittað fyrir viðtöku tækjanna, en að vætti skrifstofumanns stefnda er það eigi alveg föst venja, að viðskiptamenn kvitti fyrir vörum, sem seldar eru með gjaldfresti. Aðilar eru eigi sammála um, hvenær stefndi tók að krefja áfrýjanda um andvirði tækjanna og gjald fyrir uppsetningu. Kröfubréf hefur stefndi ritað áfrýjanda 26. janúar, 18. febrúar og 22. marz 1957. Áfrýjandi kveðst hvorki hafa pantað né tekið út í verzlun stefnda raftæki þau, sem hann er sóttur í máli þessu til greiðslu á, heldur hafi Karl Jóhann Júlíusson eftir samkomulagi þeirra sent honum þau sem greiðslu upp í vinnu, er hann innti af hendi fyrir Karl Jóhann Júlíusson við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga í Reykjavík á árunum 1954 og 1955, en þar var áfrýjandi með vinnuflokk að starfi um tíma. Hefur kona áfrýjanda stutt skýrslu hans um þetta, en hún telur sig hafa fylgzt með viðskiptum þeirra. Lagðir hafa verið fram örfáir kvittaðir vinnureikningar frá áfrýjanda fyrir vinnu við nefnt hús, og er á tveimur þeirra getið umsjónarlauna, 15% af fjárhæð. Karl Jóhann Júlíusson kveðst hafa lokið reikningsskilum vegna vinnu áfrýjanda við húsið og innt greiðslu fyrir hana af höndum í reiðufé, en raftækin hafi alls eigi gengið sem greiðsla inn í þau viðskipti og séu þeim algerlega óviðkomandi. Áfrýjandi, sem er bókhaldsskýldur eftir 11. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938, hefur þrátt fyrir áskorun hvorki lagt fram heildarreikning yfir vinnu sína og sinna starfsmanna við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga né sundurliðaðan reikning yfir þær greiðslur, sem

Karl Jóhann Júlíusson innti af hendi fyrir vinnu þessa, og brestur þannig í málinu gögn til að leggja dóm á, hvernig reikningar áfrýjanda og Karls Jóhanns Júlíussonar standa út af vinnu áfrýjanda við nefnt hús. Gegn eindreginni neitun Karls Jóhanns Júlíussonar hefur áfrýjanda eigi tekizt að sanna, að hann hafi veitt viðtöku raftækjunum og uppsetningu þeirra úr hendi Karls Jóhanns sem greiðslu fyrir vinnu við húsið nr. 11 við Lynghaga. Málin standa því þannig, að áfrýjandi hefur eignað sér raftækin ásamt uppsetningu, en hefur hins vegar eigi sannað, að hann hafi innt af hendi gagngjald þeirra til Karls Jóhanns Júlíussonar, sem virðist stundum hafa ráðstafað málum verzlunar stefnda, né beint til stefnda. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða hina umkröfðu skuld, enda getur dráttur á innheimtunni engu breytt hér um.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Þorgeirsson, greiði stefnda, Júlíusi Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 6. september s.l., hefur Júlíus Björnsson, raftækjaverzlun, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. júní 1957, gegn Sigurði Þorgeirssyni, Bollagötu 16, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 8.023.36, með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt ríflegs málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Hér er um að ræða nokkrar rafmagnsvörur, sem stefndi fékk í verzlun umbj.m. seint á árinu 1954. Innifalið í framangreindri stefnukröfu er og vinnulaun skv. nótum fyrir uppsetningu og tengingu rafmagnsverkfæra

þeirra, er stefndi keypti af stefnanda.“ Ekki er í greinargerð stefnanda gerð frekari grein fyrir stefnukröfunni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að um aðildarskort sé að ræða. Hann hafi ekki átt þau viðskipti við stefnanda, sem stefnandi reisir kröfu sína á, og sé málið því ranglega höfðað gegn sér.

Til stuðnings kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram tvo reikninga frá sér ásamt viðfestum nótum. Samkvæmt skjölum þessum má sundurliða stefnukröfuna þannig:

|    |             |       |       |                                        |       |     |          |
|----|-------------|-------|-------|----------------------------------------|-------|-----|----------|
| 1. | Nóta, dags. | 16/11 | 1954, | þrír lampar                            | ..... | kr. | 675.00   |
| 2. | —           | —     | 16/6  | 1954, þvottavél                        | ..... | —   | 5.200.00 |
| 3. | —           | —     | 18/3  | 1955, ryksuga og fylgihl.              | ...   | —   | 1.970.00 |
| 4. | —           | —     | 24/6  | 1954, tengd þvottavél                  | ..... | —   | 57.38    |
| 5. | —           | —     | 16/8  | 1955, lagt fyrir tengli fyrir kæliskáp | ..... | —   | 64.63    |
| 6. | —           | —     | 23/8  | 1955, settur upp tengill               | ....  | —   | 25.85    |
| 7. | —           | —     | 16/8  | 1955, tengill o. fl.                   | ..... | —   | 30.50    |

---

Kr. 8.023.36

Ekki eru reikningar þessir undirritaðir af viðtakanda vörunnar, og ekki heldur af þeim, sem afgreitt hefur vörurnar. Lagðir hafa verið fram vinnulistar manna þeirra, sem framkvæmt hafa hina tilgreindu vinnu.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að á árunum 1954 og 1955 og ef til vill eitthvað fyrr, hafi hann unnið hjá Jóhanni Júlíussyni, syni fyrirsvarsmanns stefnanda, við byggingu hússins nr. 11 við Lynghaga, sem Jóhann hafði þá í smíðum. Hafi hann verið þarna að verki ýmist einn eða með vinnuflokk sinn. Stefndi kveður þá Jóhann hafa verið kunnuga og kveður upphaf viðskipta þeirra hafa verið það, að Jóhann hafi boðið sér þvottavél með þeim skilmálum, að hann, þ. e. stefndi, greiddi fyrir andvirði hennar með vinnu við hús Jóhanns. Stefndi kvaðst í fyrstu hafa færzt undan þessu, þar sem hann hafi verið önnur kafinn við önnur störf, en auk þess kveður hann sér hafa fundizt vélin of dýr. Hann kveðst þó að lokum hafa fallizt á þetta fyrir þrábeiðni Jóhanns, enda hafi Jóhann látið svo um mælt, að ef eitthvað hallaði á hann í viðskiptum þessum, þá gæti hann unnið fyrir mismuninum smám saman. Stefndi kveður Jóhann síðan hafa sent þvottavélina heim til sín og með henni rafvirkja til að setja hana upp. Kveðst stefndi hafa talið, að vélin væri úr verzlun stefnanda, þar sem hann hafi vitað, að Jóhann væri starfsmaður hennar að einhverju leyti. Er stefndi var búinn að vinna

fyrir andvirði þvottavélarinnar, kveðst hann hafa innt Jóhann eftir því, hvort hann gæti fengið ryksugu, og hafi Jóhann talið það sjálfsagt. Hafi verið gengið út frá því, að hann, þ. e. stefndi, ynni fyrir andvirði hennar á sama hátt og andvirði þvottavélarinnar. Ekki kveðst stefndi hafa beðið um þá þrjá lampa, sem krafði er um greiðslu fyrir, en hann kveður eiginkonu sína munu hafa rætt um þá við Jóhann. Stefndi kveður Jóhann hafa greitt vinnulaun manna þeirra, sem unnu á sínum vegum við bygginguna, beint til þeirra sjálfra, en fyrir sína persónulegu vinnu og umsjónarlaun kveður stefndi Jóhann hafa greitt með greindum rafmagnsvörum. Um vorið 1957 kveðst stefndi hafa látið Jóhann hafa sundurliðaðan reikning fyrir persónulega vinnu sína og umsjónarlaun, og hafi reikningsfjárhæðin numið um kr. 6.000.00 og kveðst hann því skulda Jóhanni um kr. 2.000.00. Stefndi hefur eindregið neitað því að hafa komið í verzlun stefnanda til að panta eða sækja umræddar vörur.

Vitnið Hulda Ottesen, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Jóhann Júlíusson hafi eitt sinn komið á heimili þeirra hjónanna með eiginmanni hennar og boðið hjónunum þvottavél. Vitnið kveðst hafa tjáð Jóhanni, að þau hefðu ekki efni á að kaupa hana, en Jóhann hafi þá sagt, að stefndi myndi vinna af sér andvirði þvottavélarinnar, og hafi hann jafnframt látið í ljós, að þau hjónin gætu á sama hátt fengið hvaða heimilistæki önnur, sem þau vildu. Vitnið kveður Jóhann hafa sagt, að þau fengju tækin frá honum sjálfum, og hafi það því talið, að hann væri verzlunarmaður og hefði slík tæki undir höndum. Vitnið kveður Jóhann síðar hafa hringt í sig og sagt, að þvottavélin væri á leiðinni. Ekki kveður vitnið menn þá, sem með vélinu komu, hafa haft tal af sér, og ekki kveður það neina nótu hafa fylgt henni. Nokkrum kvöldum eftir að komið hafði verið með þvottavélinu, kveður vitnið Jóhann hafa komið og kennt því meðferð vélarinnar. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa fengið lampa hjá Jóhanni. Vitnið kveður Jóhann hafa boðið fleiri heimilistæki, er greiðast skyldu á sama hátt og þvottavélin. Ekki kveðst vitnið vita annað en að tæki þessi kæmu frá Jóhanni Júlíussynti.

Fyrirsvarsmáður stefnanda, Júlíus Björnsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi sjálfur ekki vitað um úttektir á vörum þeim, sem mál þetta fjallar um, enda kveðst hann yfirleitt ekki fylgjast með úttektum í verzlun sinni, nema samkvæmt verzlunarbókum, sem starfsfólk verzlunarinnar sjái um.

Hann kveður reikninga þá, sem lagðir hafa verið fram í málinu yfir hinar umdeildu vörur, vera samda eftir viðskiptabókum, en kveðst ekki geta sagt um, hver hefði beðið um vöurnar eða hverjum þær hafi verið afhentar. Júlíus Björnsson kveður reikningsviðskipti við verzlunina aðeins fara fram, að undangenginni athugun á greiðslugetu viðkomandi viðskiptamanns, og sé sú athugun í höndum hans sjálfs eða skrifstofustjóra fyrirtækisins, Þóris Jenssonar. Þó geti verið sökum sérstakra ástæðna, að öðrum en þeim tveimur sé veitt heimild til lánsviðskipta. Ekki kveðst Júlíus minnast þess, að hann hafi veitt syni sínum Jóhanni sérstakt leyfi til að lána út í reikning í því tilviki, sem hér er fjallað um. Júlíus kveður Jóhann son sinn ekki hafa unnið hjá stefnanda um síðastliðið 10 ára skeið. Hann kveður Jóhann hafa skrásetta umboðs- og heildverzlun, sem sé til húsa í Austurstræti 12 A.

Vitnið Karl Jóhann Júlíusson, sonur fyrirsvarsmanns stefnanda, hefur skýrt svo frá, að það hafi í um 10 ára skeið rekið stórsölu, sem beri nafnið Elangro Trading og sé til húsa að Austurstræti 12. Kveðst vitnið aðallega verzla með alls konar rafmagnsvörur og selja þær í heildsölu, en ekki smásölu, þar sem það hafi ekki smásöluleyfi. Vitnið kveðst ekki hafa verið launaður starfsmaður hjá stefnanda, eftir að það stofnaði sitt eigið fyrirtæki. Það kveðst þó stundum hafa gripið í að afgreiða í verzlun stefnanda við sérstakar aðstæður, en hafa í staðinn fengið aðstoð frá verzluninni í þágu fyrirtækis síns. Vitnið kveðst oft hafa komið á heimili stefnda í sambandi við viðskipti þeirra vegna byggingar hússins nr. 11 við Lynghaga. Það kveður viðskipti sín og stefnda að fullu upp gerð. Vitnið hefur lýst því yfir, að það vilji ekki synja fyrir það, að það kunni að hafa átt þátt í afhendingu til stefnda á einhverjum þeirra hluta, sem mál þetta er risið af. Vitnið kveður, að það kunni að hafa haft afskipti af afhendingu muna þeirra, sem skráðir eru undir 1. lið hér að framan, þriggja lampa. Vitnið kveður áritunina „sent heim“, sem skráð er á nótna, tákna það, að viðskiptavinurinn hafi ekki tekið munina með sér heim. Vitnið kveður nótna bera með sér, að ekki hafi verið um staðgreiðslu að ræða. Vitnið kveðst hafa ritað nótu þá, sem greind er undir 3. lið hér að framan, ryksuga og fylgihlutir. Kveður vitnið áritunina „Sj“ á nótna tákna það, að stefndi hafi sjálfur gert pöntunina og sennilega sjálfur veitt vörunni móttöku. Vitnið kveður aðra hafa ritað hinar nóturnar.

Vitnið Þórir Jón Jensson kveðst hafa ritað nótur þær, sem

greindar eru undir liðum 4, 5 og 6 hér að framan samkvæmt vinnulistum þeim, sem lagðir hafa verið fram í málinu. Vitnið man ekki, hvort það veitti heimild til þess, að stefndi fengi greindar vörur afgreiddar með greiðslufresti eða hvort það sá um heimsendingu varanna. Vitnið kveður það alveg fasta venju, að viðskiptamenn kvitti fyrir vörur, sem seldar eru gegn gjaldfresti.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að tæki þau, sem fjallað er um í málinu, séu ekki komin úr heildverzlun vitnisins Jóhanns Júlíussonar, Elangro Trading. Hefur þessi yfirlýsing ekki sætt andmælum. Þá hefur stefndi lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi reiknað með því, að þvottavélin væri komin úr verzlun stefnanda, og eigi hefur því verið andmælt sérstaklega, að hin tækin, sem fjallað er um í málinu, séu einnig þaðan komin. Með hliðsjón af þessu og með vísan til gagna þeirra, sem lögð hafa verið fram til stuðnings kröfum stefnanda, þá verður að telja nægilega fram komið, að umrædd tæki séu úr verzlun hans. Þykir stefndi samkvæmt þessu bera ábyrgð á greiðslu andvirðis tækjanna til stefnanda, en eigi hefur hann fært sönnur að því, að það hafi verið greitt honum. Verður stefndi því dæmdur til að greiða það. Þá þykir og með vísan til þess, sem rakið hefur verið, bera að dæma stefnda til að greiða fyrir vinnu við uppsetningu tækjanna, enda hefur eigi verið vefengt, að hún hafi verið framkvæmd af starfsmönnum stefnanda.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 1. janúar 1956.

Eftir atvikum og með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Þorgeirsson, greiði stefnanda, Júlíusi Björnssyni, raftækjaverzlun, kr. 8.023.36 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1956 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.